

3.2 Heimæðagjöld**I.1 Hús minni en 2.000 m³:**

Fast gjald	90.000 kr.
Rúmmetrar umfram 600 m ³	60 kr/m ³

(Umframrúmmetragjald reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús)

I.2 Hús stærri en 2.000 m³:

Fast gjald	174.000 kr.
Rúmmetrar umfram 600 m ³	40 kr/m ³

3.3 Innheimtugjald

Innheimtugjald hitaveitu	450 kr.
--------------------------------	---------

3.4 Lokunargjald

Lokunargjald hitaveitu	1.500 kr.
------------------------------	-----------

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kílóvatt	afl
kWh	kílóvattstund	orka
ML	mínútulítrar	rennsli

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. júní 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis B-hluti með áorðnum breytingum nr. 279, 19. maí 1994.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. maí 1996.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins nr. 410/1989.**

1. gr.

8. gr. orðast svo:

1. mgr. Ættleiðandi móðir, uppeldis- eða fósturmóðir, sbr. 5. gr. laga um fæðingarorlof nr. 57/1987, á rétt á 6 mánaða leyfi með þeim dagvinnulaunum, sem stöðu hennar fylgja vegna töku barns yngra en 5 ára.

2. mgr. Sé um fleiri en eitt barn yngri en 5 ára að ræða í sömu fósturráðstöfun eða ættleiðingu, framlengist leyfið um 1 mánuð fyrir hvert barn umfram eitt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. maí 1996.

Friðrik Sophusson.

Birgir Guðjónsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð hjartveikra barna.

1. gr.

Neistinn, aðstandendafélag hjartveikra barna, stofnar hér með sjóð, sem heitir Styrktarsjóður hjartveikra barna. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Neistans, aðstandendafélags hjartveikra barna, að fjárhæð kr. 500.000 og skal það haldast óskert. Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir sjóðsins. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- A) Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- B) Gjafir og áheiti sem sjóðnum kunna að berast.
- C) Fé og annað verðmæti, sem safnast hefur og mun safnast í nafni sjóðsins.
- D) Annað fé sem sjóðnum hlotnast.

4. gr.

Markmið sjóðsins:

- A) Að styrkja fjárhagslega hjartveik börn og aðstandendur þeirra.
- B) Að stuðla að framförum í málefnum hjartveikra barna á Íslandi.
- C) Að styrkja fjárhagslega önnur veik börn og aðstandendur þeirra, ef ekki eru önnur félög eða sjóðir þeim til styrktar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn.

Yfirlæknir barnadeildar Landspítalans tilnefni einn ásamt varamanni hans.

Stjórn Neistans skal tilnefna tvo ásamt tveimur varamönnum, annar aðalmanna skal vera stjórnarmaður í Neistanum. Tilnefningar skulu gilda í 2 ár í senn, í fyrsta sinn skal stjórnarmaður Neistans þó aðeins vera eitt ár í stjórn sjóðsins.

Fyrsta tilnefningin gildir frá stofnun sjóðsins.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri hennar skal hafa á hendi vörslu fjármuna sjóðsins.